

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 27. jan. 2015 á Kjóavöllum.

## 21. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdóttir, Lárus Finnbogason, Hannes Hjartarson, Linda Gunnlaugsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj. Hermann Vilmundarson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir stöðuna gagnvart Íslandsmótunum 2015. Stjórn LH hefur nú endurskoðað fyrri afgreiðslu sína á erindi Sprettis um að halda Íslandsmótin á sömu helgi og samþykkt þá beiðni Sprettis. Mótin verða haldin dagana 8.-12. júlí 2015.
3. Tekin fyrir umræða um skipulagsmál og samstarf við bæjarfélögin.
4. Umgengni um hallir og svæði hestamannafélagsins Sprettis. Rætt um almenna umgengni og lausagöngu hunda á svæðinu og inn í höllinni. Lausaganga hunda er bönnuð og þarf að fá hundaeftirlitsmenn bæjarfélaganna til þess að koma á svæðið með reglubundnum hætti til að stemma stigu við þetta vandamál. Rætt var sérstaklega um umgengni í höllinni við Hattarvelli, þar þarf að bæta umgengni verulega og alla umhirðu. Hvetja félagsmenn til þess að ganga vel um svæðið, taka til í kringum sig og almennt taka tillit til þessa.
5. Farið yfir dagskrá vetrarins. Aðeins hefur tafist að ganga frá prentun á dagskrá þar sem ekki voru komnar inn allar dagsetningar móta. Gert er ráð fyrir að dagskráin verði endanlega tilbúin í næstu viku og þá dreift í húsinn við fyrsta tækifæri.
6. Aðalfundur félagsins. Haldið áfram með undirbúning fyrir aðalfund, rætt um möguleg framboð til stjórnar og nefnda. Laganefnd er að ganga frá tillögum að lagabreytingum og mun senda þær til stjórnar fyrir næsta fund. Uppgjör á reikningum og rekstraráætlun eru í vinnslu hjá gjaldkera.
7. Áhugamannadeildin. Kynningarfundur verður haldinn 3. febrúar nk. kl. 20:00 fyrir liðin sem hafa skráð sig til leiks. Allur undirbúningur er í fullum gangi og hafa verið fengnir sjálfboðaliðar til aðstoðar. Mikil jákvæðni ríkir meðal félagsmanna með þennan viðburð og einnig mikill áhugi almennt meðal félagsmanna annara félaga á höfuðborgarsvæðinu og víðar.
8. Kynbótasýning RML. RML hefur ákveðið að úthluta Spretti kynbótasýninguna í vor og verður hún haldin dagana 26.-29. maí. Þessi viðburður verður án efa mikil lyftistöng fyrir Hmf. Sprett.
9. Vetrarleikar. Fyrsta mót vetrarins hjá Spretti verða vetrarleikarnir sem haldnir eru laugardaginn 7. febrúar nk. Stjórn hefur ákveðið að bjóða upp á kaffi og vöfflur þennan dag fyrir félagsmenn og þátttakendur á mótinu. Mótið hefur verið auglýst og skráning hafin.

10. Þorrablot Sprettis. Undirbúningur er í fullum gangi vegna þorrablótisins sem haldið verður 14. febrúar nk. Framkv.stjóri heldur utanum viðburðinn og hefur fengið félagsmenn af nýbyggingarsvæði Sprettis til liðs við sig.

11. Önnur mál:

- Ákv. að undirbúa nafnasamkeppni í tenslum við hesthúsasvæðin á Kjóavöllum.
- Ákv. að hefja undirbúning vegna reiðskóla fyrir sumarið.
- Hannes kynnti hugmynd að færanlegum stíum í anddyri reiðhallarinnar til að bæta aðstöðu fyrir hross í tengslum við námskeið og aðra viðburði.
- Tekið fyrir erindi frá Sigurði Helga varðandi fræðslumál gagnvart barna-og unglingastarfi Sprettis.
- Barna- unglunga og ungmennastarfið rætt.
- Ákveðið að vísa til Æskulýðsnefndar að búa til sérstaka unglingagruppu innan æskulýðsnefndarinnar 14 ára og eldri.
- Stefnumótun – Lárus kallar eftir framlagi frá stjórnarmönnum.
- Fyrirspurn frá Hestamannafélaginu Sóta um hvort félagsmenn þar geti keypt sér aðgang að Reiðhöllum Sprettis. Samþykkt af stjórn og samþykkt gjald sem er hærra en fyrir Sprettisféлага. Þjóðum Sótaféлага velkomna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir